
313. Teitur Björn Einarsson (Hovedindlæg)

Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um að setja sameiginlegar norrænar reglur um framleiðendaábyrgð á vefnaðarvörur. Sjálfbærnefndin hefur fjallað ítarlega um málið og lagt nokkur mál til grundvallar:

Tísku- og vefnaðarvöruiðnaðurinn er sú atvinnugrein í heiminum sem tekur mest til sín af náttúruauðlindum og mengar hvað mest. Iðnaðurinn er orkufrekur og nýtir auk þess mikið af náttúruauðlindum. Iðnaðurinn er annar stærsti notandi vatns á heimsvísu og er auk þess ábyrgur fyrir 8–10% af kolefnislosun. Notkun Norðurlandabúa á vefnaðarvöru er yfir meðaltali á heimsvísu. Því er full ástæða fyrir Norðurlöndin að leggja áherslu á umhverfisvænni vefnaðarvöruiðnað. Norðurlöndin hafa lengi átt samstarf á þessu sviði, m.a. í gegnum The Nordic Textile Collaboration, þar sem hefur verið unnið að því að draga úr óþarfanotkun á vefnaðarvöru, lengja líftíma hennar, stuðla að hringrásarhagkerfi, efla stafræna þróun. Með því að vera í fararbroddi innan Evrópusambandsins í þessum efnum ná Norðurlöndin ákveðnu forskoti sem styrkir norrænu aðgerðaáætlunina um sjálfbæran norrænan tísku- og vefnaðarvöruiðnað.

Nefndin leggur því til að settar verði sameiginlegar norrænar reglur um framleiðendaábyrgð á vefnaðarvöru en gert er ráð fyrir að hún verði skyldubundin við endurskoðun rammatilskipunar EB um úrgang.

Skandinavisk översättning

Jag talar för ett betänkande gällande upprättandet av gemensamma

principer för nordiskt producentansvar för textilier. Hållbarhetsutskottet har behandlat frågan grundligt och baserat sig på ett antal överväganden:

Mode- och textilindustrin är den sektor som slukar mest naturresurser globalt och förorenar mer än de flesta andra. Den behöver mycket energi och använder enorma mängder naturresurser. Industrin står för den näst största vattenförbrukningen i världen, samt 8–10% av de globala utsläppen av koldioxid. Invånare i Norden använder i genomsnitt mer textilier än de som bor i andra delar av världen. De nordiska länderna borde därför verka för en miljövänligare textilindustri. De nordiska länderna har samarbetat om detta under en lång tid, bl.a. genom The Nordic Textile Collaboration, där man har strävat efter att minska onödig konsumtion av textilier, förlänga deras livslängd, stimulera den cirkulära ekonomin och stärka den digitala utvecklingen. Genom att Norden ligger i täten inom EU på det här området skapas ett visst försprång som stärker den nordiska handlingsplanen om en hållbar nordisk mode- och textilindustri.

Utskottet föreslår därför upprättandet av gemensamma nordiska principer för producentansvar för textilier, i och med att ett sådant ansvar väntas bli obligatoriskt på sikt i samband med den kommande revideringen av EU:s ramdirektiv för avfall.

Information

Talnummer

313

Type

Hovedindlæg

Person

[Teitur Björn Einarsson](#)

Status

Waiting for transcription

Dato

31.10.24 10:19